



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið



Leikskólinn Geislabaugur

2024 – 2025



Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.

Efnisyfirlit

Leiðarljós leikskólans	4
1 Greinargerð leikskólastjóra	4
2 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2023-2024.....	7
3 Umbótaáætlun Geislabaugsskólaárið 2024-2025	10
4 Innra mat Stjörnunnar	12
5 Innra mat Lindarinnar	17
6 Innra mat Lautarinnar.....	21
7 Innra mat Sólarinnar.....	25
8 Innra mat Fjallsins.....	30
9 Innra mat sérkennslu.....	36
10 Innra mat - börn með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn	37
11 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla.....	39
12 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva.....	39
13 Foreldrasamvinna	40
14 Skipulagsdagar og leikskóladagatal	40
15 Fylgiskjöl	41
Fylgiskjal 1	41
Fylgiskjal 2	43
Fylgiskjal 3	45



Leiðarljós leikskólans

1 Greinargerð leikskólastjóra

Maðurinn einn er ei nema hálfur, með öðrum er hann meiri en hann sjálfur. Þetta orðatiltæki átti ágætlega við þegar við byrjuðum haustið. En þrautseigja og seigla endurspeglaði þennan vetur hjá okkur í Geislabaugi. Við urðum fyrir nokkrum áföllum í starfsmannahópnum vegna veikinda og annarra leyfa. Einnig vantaði nýtt starfsfólk í byrjun annar og haustið fór í að finna gott fólk til að vinna með okkur. Það tókst ágætlega en þá var bara að klífa hindranir og finna lausnir. Það má segja að allir hafi lagst á eitt með að gera starfið eins vel og við gátum. Verkefnastjórar þurftu að fara í önnur störf og eiga þær miklar þakkir fyrir.

Ætla ekki að staldra við hindranir heldur segja frá starfi síðasta árs og áherslum næsta vetrar. Við höldum okkar striki og höldum okkur við skólanámskránnu að mestu leyti. Leikurinn var í fyrirrúmi eins og alltaf í leikskólanum. Við höfum alla jafna haft fasta umgjörð utan um leikinn þannig að börnin velja sér ákveðin svæði en það hefur verið takmarkað hversu mörg börn eru á hverju svæði nema kannski útsvæðinu. Við höfum metið það svo með börnunum að þannig viljum við ekki hafa það lengur. Viljum við hafa ótakmarkaðan fjölda á hverju svæði þannig að ef það eru of mörg börn á einu svæði þá færir kennari sig yfir á það svæði og verður þá svokallað flæði í leiknum, án þess að hann sé stjórnlaus. Þannig viljum við þróa enn meira leik barna og það er einnig liður í nýjum áherslum í Aðalnámskrá leikskóla.



Náttúra og umhverfi ásamt heilsueflingu hefur verið gegnumgangandi í starfinu okkar í vetur. Gönguferðir og könnunarferðir um nánasta umhverfi hafa aukist til muna. Þetta reynir á úthald og eykur forvitni og umhyggju fyrir náttúrunni. Fræðast um hvað býr í náttúrunni og áhrifin á okkur. Þá kemur okkar litla gróðurhús vel inn í þessa fræðslu og nú á vormánuðum hefur mikið snúist um gróðursetningu, börnin hafa sáð fræjum og hugsað um allskyns plöntur og grænmeti.

Málörvun er undirstaða alls náms og er mikilvæg í okkar daglega lífi. Í Geislabaugi leggjum við mikla áherslu á málrækt í öllum mögulegum myndum hvort sem það er talað mál eða lestur. Í vetur hefur ekki verið nein undantekning á því. Við erum með fjölbreyttan starfsmannahóp, með ólíka menntun og ólíkan bakgrunn, og hefur aukist að starfsfólk hafi íslensku sem annað mál. Þess vegna er mikilvægt að þau fái íslenskukennslu sem Reykjavíkurborg hefur verið að bjóða upp á og nokkrir hjá okkur hafa sótt. Að öllu jöfnu gengur starfið hjá okkur vel. Við nýtum allskonar verkfæri eins og málörvunarefnið *Lubbi finnur málbein* sem kennir okkur íslensku máhljóðin, *Blæ* sem er vináttuverkefni Barnaheilla, *Jákvæðan aga* og *Gefðu 10* sem eykur samræðu og samskipti við fjöltyngd börn.



Í október 2023 var viðhorfskönnunin Stofnun ársins lögð fyrir starfsfólk Reykjavíkurborgar og sá Gallup um framkvæmdina. Stofnun ársins er mikilvægt verkfæri fyrir stjórnendur og starfsfólk til að eiga samtali um starfsumhverfi, stjórnun og líðan á vinnustað með það að markmiði að efla vinnustaðinn enn frekar. Ef lítið er á heildarniðurstöður þá getum við meira en vel við unað en alltaf er hægt að bæta sig og efla. Geislabaugur kom frekar vel út og var með þeim efstu þegar lítið er á heildarniðurstöðuna eða með 4,24 af 5,0 mögulegum. Það sem skorar hvað hæst er jafnrétti, starfsandi, stjórnun, ímynd og starfsánægja. Við erum á réttri leið og viljum gera enn betur. Það er mikilvægt að starfsfólk sé ánæggt í vinnunni og líði vel því það skilar sér til barnanna.

Innleiðing farsældarlaganna hefur gengið ágætlega og hafa verið margar kynningar og fræðsla fyrir stjórnendur skólans. Farsældarlögin snúast um að börn og foreldrar hafi greiðan aðgang að þeirri þjónustu sem þau þurfa og að þau fái rétta aðstoð á réttum tíma og frá réttum aðilum. Farsældarlögin auðvelda börnum og foreldrum að fá aðstoð við hæfi.

Starfsmannahópurinn fór á vormánuðum til Helsinkí í Finnlandi ásamt starfsmönnum í leikskólanum Reynisholti. Þar heimsóttum við þrjá leikskóla sem leggja áherslu á útinám. Þetta var afar áhugavert, skemmtilegt og gott hópefli meðal skólanna tveggja. Hver leikskóli var með aðgang að góðu útisvæði í göngufæri með skógum, lækjum og túnum. Nutu börnin sín þar meira og minna allan daginn.





Okkur var boðið í Nordic Culture Point sem er einskona Norræna hús þeirra Finna. Þar var kynning á verkefnum stofnunarinnar og samstarfi þeirra við hin Norðurlöndin.

Einnig fengum við kynningu á Norræna bókagleypinum en það er verkefni sem á að auðvelda fullorðnum lestur barnabóka frá hinum Norðurlöndunum fyrir og með börnunum. Vefsíða Norræna bókagleypisins (<https://bokslukaren.org/is/>) veitir einnig aðgang að ókeypis náms- og stuðningsefni um myndabækur frá Norðurlöndunum á öllum norrænum tungumálunum.



Við fengum einnig að kynnst aðferðum sem varðar núvitund og vellíðan. Nuddaði starfsfólk hvert annað með málningarpenslum og rúllum, við dönsuðum, sprelluðum og gerðum allskonar skemmtilegt. Við komum heim alsæl með dvölinu og munum nýta okkur það sem við lærðum. Það er áhugi hjá okkur að efla börnin í útinámi og fara jafnvel í samstarf við leikskólann Reynisholt en það er allt á umræðustigi.

Við erum í heildina ánægð með veturinn. Jákvæður agi er ennþá okkar stefna þó ávallt megi gera betur. Nú eru þrír kennarar til viðbótar á réttindanámskeiði Jákvæðs aga og ætlum við að leggja meiri áherslu á hann næsta vetur.

Ný skólanámskrá mun líta dagsins ljós þann 1. janúar 2025 og ætlum við að nýta næstu önn í þá vinnu með starfsmannahópnum. Þar styðjumst við Aðalnámskrá leikskóla sem var að koma út ásamt Menntastefnu Reykjavíkur - Látum draumana rætast.

Ég vil enda þessa greinargerð á að hrósa fólkinu mínu sem hefur unnið frábært starf oft undir miklu álagi og vona ég svo innilega að Reykjavíkurborg fari alvarlega að skoða fjölda barna á deild. Með því að hafa færri börn á deildum náum við betur að sinna hverju barni sem best. Við hlökkum til að byrja 20. veturinn okkar í Geislabaugi.



Virðingarfyllst,
Þóra Jóna Jónatansdóttir,
leikskólastjóri.



2 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2023-2024

Innra mat

Reglulegt mat fer fram á deildastjórafundum og stjórnendafundum, deildarstjórar funda aðra vikuna og stjórnendur ásamt deildastjórum funda vikuna á móti. Á fundunum er farið yfir helstu viðburði og námsþætti líðandi stundar í skólanum, rætt um hvernig hefur gengið og hvað mætti betur fara (gerð umbótaráætlun). Fundargerð er sett inn á allar deildir eftir hvern fund og ber starfsfólki að lesa hana. Með þessu gefst starfsfólki því tækifæri á að ræða fundargerðina og koma með athugasemdir fyrir næstu fundi.

Við erum með ákveðin teymi fyrir læsi, félagsfærni, sköpun, heilbrigði, sérkennslu og farsældarlögin sem funda reglulega yfir veturinn. Í þeim er farið yfir áherslur hvers teymis og áherslur samrýmdar þvert á skólann eftir getu barnanna. Endurmat á starfinu fer fram á haustin og í janúar og þá gefst aukið tækifæri fyrir alla starfsmenn að koma að sínum skoðunum og vangaveltum er varðar starfið. Í maí fer stjórnunarteymi Geislabaugs úr húsi til fundar til að fara yfir og taka saman það sem metið var síðastliðinn vetur.

Hvað var metið?	Hvernig fór matið fram?	Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Helstu niðurstöður mats á styrkleikum	Helstu niðurstöður mats á tækifæri til umbóta.
Félagsfærni/ Jákvæður agi	Með umræðu meðal stjórnendateymis.	Stjórnendur, deildarstjórar og sérkennslustjóri.	Barnafundir bera árangur.	Við þurfum að skerpa á undirstöðuatriðum Jákvæðs aga meðal starfsmanna. Starfsmenn þurfa að vera samhentir og sýna festu.
Matstofa	Með umræðu meðal stjórnendateymis.	Stjórnendur, deildarstjórar og sérkennslustjóri.	Með matstofu fyrir börnin þá ýtum við undir og eflum, lýðræði þeirra, sjálfshjálp og félagsfærni.	Við þurfum að huga betur að yngstu börnunum er varðar matstofu og munum í vetur hafa litla matstofu á Lautinni. Þörf er á endurnýjun á umgerð matstofu eins og borðum, stólum og aðstöðu fyrir matinn.



Málörvun	Með umræðu meðal stjórnendateymis.	Stjórnendur, deildarstjórar og sérkennslustjóri.	Að nota Lubba virkar vel og börn farin að þekkja máhljóð hvers stafs. TMT og Gefðu 10 reynist sérstaklega vel fyrir fjöltyngd börn.	Við viljum hafa samverustundir skipulagðar, að það sé ýtt markvisst undir málörvun. Einnig langar okkur að nýta okkur bókgaleyfirinn (bokslukaren.org) sem við kynntumst í námsferð okkar til Helsinki.
Útivera	Með umræðu meðal stjórnendateymis.	Stjórnendur, deildarstjórar og sérkennslustjóri.	Við eigum stórt útisvæði leiktækjum og Bambahúsi og sem hægt er að tvískipta í byrjun skólaárs.	Við þurfum að vera duglegri í að kynna Bambahúsið fyrir börnunum. Einnig langar okkur að eiga okkar svæði í náttúrunni (skóginum) sem er í nágrenninu.
Vinnustytting	Með umræðu meðal stjórnendateymis.	Stjórnendur, deildarstjórar og sérkennslustjóri.	Kemur vel út að fá heilan dag aðra hverja viku.	Þegar rauður dagur ber upp á styttingar dag þá færast stytting ekki um dag.
Undirbúningur	Með umræðu meðal stjórnendateymis.	Stjórnendur, deildarstjórar og sérkennslustjóri.	Vel planað starfsskipulag, endurmenntun. Torgið hjá Reykjavíkurborg. Hver og einn skrifar hjá sér hvernig við nýtum undirbúnings-tímann (auðveldar mat á starfi).	Deildarstjórar nýti undirbúningstíma milli kl. 13 og 15 nema á föstudögum. Hvetja starfsmenn til að fara á Torgið og nýta námskeiðin þar inni.
Sérkennsla	Með umræðu meðal stjórnendateymis.	Stjórnendur, deildarstjórar og sérkennslustjóri.	Erum fagleg í sérkennslu og erum að sjá góðan árangur þeim börnum.	Reyna að fá meira fagfólk til okkar. Sérkennsluteymi sem skiptir sér á milli barna er þess þurfa, þvert á deildir.



Ytra mat

Ytra mat var framkvæmt í október - desember 2023 á vegum Gallup fyrir Reykjavíkurborg. Metið var starfsumhverfi en 19 starfsmenn tóku þátt í matinu í Geislabaugi. Metnir þættir voru: stjórnun, starfsandi, launakjör, vinnuskilyrði, sveigjanleiki í vinnu, ímynd, sjálfstæði í starfi, ánægja og stolt og jafnrétti.

Hvað var metið?	Hvernig fór matið fram?	Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Helstu niðurstöður mats á styrkleikum	Helstu niðurstöður mats á tækifæri til umbóta.
Starfsumhverfi	Rafrænt á netinu á vegum Reykjavíkurborgar, Sameyki / stofnun ársins	Starfsmenn í Geislabaugi.	Starfsandi afslappaður og óþvingaður. Erum ánægð og stolt af Geislabaugi. Góðar niðurstöður í heildina, og höfum við bætt okkur frá fyrri könnun.	Minna þarf á símenntun/ námskeið. Bæta upplýsingaflæði meðal starfsmanna svo að þeir viti og hafi yfirsýn yfir hvers sé krafist af þeim í starfi. Við erum vinnustaðurinn og sköpum ánægjuna og stoltið.



3 Umbótaáætlun Geislabaugs skólaárið 2024-2025

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig og hvenær metið/ aðferðir?	Viðmið um árangur
Innra mat Stjórnun							
Stjórnendafundur	Markvissari stjórnenda- fundir.	Á stjórn- enda- fundum.	Leikskóla- stjóri eða stað- gengill hans.	Sept. 2024	Mai 2025	Farið yfir stöðu Geislabaugs á tveggja vikna fresti.	Lesin funda- gerð frá fyrri fundi og farið yfir hvernig hafi gengið að fylgja því.
Deildarstjóra- fundir	Markvissari deildarstjóra- fundir.	Á deildar- stjóra- fundum.	Deildar- stjórar og verkefna- stjórar.	Sept. 2024	Mai 2025	Farið yfir stöðu deilda og hvað er fram undan á tveggja vikna fresti.	Farið yfir funda- gerðir frá fyrri fundum.
Teymisfundir	Markvissari teymisfundir.	Á teymis- fundum.	Stjórn enda- teymi Geisla- baugs.	Sept. 2024	Mai 2025	Farið yfir hvað sé fram undan hjá hverju teymi á 5-6 vikna fresti	Farið yfir hvernig hafi gengið á fyrri fundi og hvernig hafi gengið að fylgja því.
Uppeldis- og menntastarf							
Ný námskrá	Haldið áfram með vinnu við gerð nýrrar námskrár.	Höldum í okkar eigin gildi og stefnu ásamt viðmiðum Mennta- stefnu Reykjavíkur borgar.	Stjórn- endur, deildar- stjórar og annað fag- menntað starfsfólk.	Sept. 2024	Mai 2025	Metin er fyrri námskrá skólans samhliða Mennta- stefnu Reykjavíkurb orgar og nýju Aðalnám- skránni.	Ný námskrá leik- skólans Geisla- baugs
Undirbúningur	Undir- búningur verður milli kl. 13 og 15, nema á föstudögum.	Vel planað starfs- skipulag og starfsfólk hafi yfirsýn og viti hvers er	Stjórn- endur.	Sept. 2024	Mai 2025	Hvetja starfsmenn til að fara á Torgið og nýta sér	Með því að fylgja eftir hvort starfsfólk hafi nýtt sér Torgið.



		ætlast til af þeim.				námskeiðin þar inni.	
Mannauður/ Leikskólabragur							
Jákvæður agi	Að starfsmenn öðlist hæfni og tileinki sér vinnu-aðferðir Jákvæðs aga.	Að nýttur verði hluti af starfsdegi til að fara yfir gildi Jákvæðs aga.	Leikskóla- stjóri og deildarstjórar.	Haust 2024	Vor 2025	Með teymisfundum og deildarfundum.	Niður- stöður teymisfunda gefa okkur sýn á árangur okkar.
Leikskólabragur	Að nýta mannauðinn sem best og að starfsmenn finni að þeir hafi áhrif á starf leikskólans.	Að nýttur verði hluti eða partur úr starfsdegi	Stjórnendur	Sept. 2024	Maí 2025	Starfsmanna- samtal	Niður- stöður funda, kannana og símats gefa okkur sýn á árangur okkar.



4 Innra mat Stjörnunnar

Stjarnan er ungbarnadeild með 15 börn á aldrinum eins til tveggja ára sem voru öll að hefja leikskólagöngu í fyrsta sinn. Fyrri aðlögun hófst í ágúst og seinni aðlögun í september. Aðlögunin gekk vel en einblínt var á að leyfa börnunum að njóta sín mest í leiknum. Blæstundir voru nokkrar yfir veturinn og málörvunarefnið Lubbi finnur málbein var reglulega notað í samveru.

Endurmat á starfsáætlun 2023-2024

Félagsfærni

Markmiðið er að efla sjálfstraust og félagsfærni meðal barnanna. Að börnin sýni hvert öðru félagslegan áhuga og að þau leitist við að vera saman. Erfitt er að meta viðmið um árangur hjá svo ungum börnum þar sem þau eru ekki farin að skilja og þekkja mun á hinum ýmsu tilfinningum.

Með því að nota verkfæri **Jákvæðs aga fyrir ung börn** og **vináttuverkefni Barnaheilla**, en þar er bangsinn Blær í fyrirrúmi, er von að börnin finni að þau tilheyri hópnum og leggi sitt af mörkum. **Vináttuverkefnið (Blær)** snýst um að fyrirbyggja einelti, eiga góð samskipti, efla félagsfærni og hafa jákvæð viðhorf. Verkefnið hefur gengið ágætlega en er alltaf í þróun hjá okkur. Blæbangsarnir eru ávallt með í Blæstundum. Í **Jákvæðum aga** eru verkfæri sem kennarar geta nýtt sér, ef/og þegar upp koma árekstrar milli barna, og mættum við vera duglegri við að nýta okkur þau verkfæri.

Styrkleikar: Að börnin læri að setja sig í spor annarra og sýna hvert öðru góðvild og virðingu. Blæstundir ganga vel og börnin njóta sín í slíkum stundum.

Tækifæri til umbóta: Hafa fasta tíma/daga fyrir Blæstundir og að ákveðinn starfsmaður hafi yfirumsjón með stundunum. Hefja Blæstundir í október, eftir aðlögun. Hafa litlu bangsana sýnilegri, í hæð barnanna og kenna þeim að nota Blæ á réttan hátt. Nýtum okkur verkfæri Jákvæðs aga fyrir ung börn, einblínum á 5-10 verkfæri í einu.



Sjálfsefling

Að börnin læri að öðlast trú á eigin getu og læri að þekkja styrkleika sína og veikleika. Efla börnin í að takast á við mótlæti og að lifa í sátt við aðra. Börnin byrjuðu fljótt að æfa sig í að ganga sjálf frá diskum og glösum eftir hverja máltíð. Eftir áramót fóru börnin að æfa sig í að fara úr buxum og sokkum, klæða sig úr húfu og renna niður.

Styrkleikar: Börnunum finnst spennandi að fá að ganga sjálf frá eftir sig, finnst gaman að fá að ganga frá brauðkörfu, áleggjum og slíku eftir hressingu. Með þessu finna börnin að þau tilheyri hópnunum og leggja sitt af mörkum.

Tækifæri til umbóta: Stefnt er að því að börnin læri einnig að þrifa hendur og andlit með klútum eftir hverja máltíð. Starfsmenn verði meðvitaðri um að láta börnin gera sjálf, þó þau séu ung þá geta þau meira en við höldum.

Málörvun/læsi

Til þess að æfa **hljóðfræði** með börnunum nýttum við okkur málörvunarefnið *Lubbi finnur málbein* og vorum með reglulegar Lubbastundir í samveru þar sem einblínt var á fyrstu fimm hljóðin (a-m-b-n-d). Vegna aldurs barnanna var einungis einblínt á sönginn. Í **gæðalestri** lásum við sömu bókina fyrst fyrir hóp af 4-5 börnum og svo settist hvert og eitt barn í fang kennara þar sem sagan var lesin aftur. Með þessu fær hvert og eitt barn að heyra sömu söguna 5-6 sinnum. Endurtekning er mikilvæg til að auka orðaforða barnanna og festa hann í sessi.

Styrkleikar: Lubbastundir gengu vel fram að áramótum. Börnunum finnst gaman að fá að knúsa Lubba í upphaf samverunnar. Myndir með viðeigandi hljóði settar á segultöflu. Börnin orðin góð í að syngja lög hvers hljóðs ásamt því að gera hreyfingar hljóðsins. Í gæðalestri hafa börnin mikinn áhuga á að skoða myndirnar í bókunum. Aukin málörvun.

Tækifæri til umbóta: Byrjuðum fljótlega eftir aðlögun á Lubba. Mörg börn orðin leið eftir áramót. Hugmynd að byrja eftir áramót. Viljum hafa fasta tíma/daga fyrir gæðalestur og að ákveðinn starfsmaður hafi yfirumsjón með stundunum. Byrjum fljótlega eftir aðlögun.

Sköpun

Sköpun gekk vel. Börnin fengu tækifæri til að virkja sköpunarkraft sinn. Sökum ungs aldurs barnanna voru verkefni fyrir fram ákveðin en börnin fengu að ráða litum og efnivið að einhverju leyti. Vorum með eitt verkefni í viku.

Styrkleikar: Börnin voru áhugasöm og fannst gaman í listastarfi.

Tækifæri til umbóta: Hægt væri að auka við opinn efnivið í listastarfi almennt. Efnisveitan (*l. remida*) mætti vera betri. Þurfum að nýta seinni parta betur í listsköpun þar sem útkoma er ekki aðalmálið, til dæmis að



leira og lita. Leir á alltaf að vera í boði. Ef verkefni eru hengd upp fyrir framan deildina er skemmtilegt er að skrifa hvað börnin eru að gera og setja við myndirnar. Nýtum meira af íhlutunarefni í efniviðinn, til dæmis hafrar eða grjón í leir. Gott er að skipta barnahópnum oftari niður þannig að til dæmis helmingur hópsins sé úti á meðan hinn helmingurinn er inni í listsköpun.



Skráningar

Aðaláherslan var lögð á afmælis-, jóla- og öskudagsskráningar þennan veturinn. Einnig voru skráningar gerðar á sulludegi, þegar við fórum í ísferð og á jógadegi.

Styrkleikar: Börnunum finnst gaman að skoða möppurnar sínar og skráningarnar en með skráningum getum við fylgst með hugmyndum barnanna og hvernig þau þróa hugmyndina áfram í verki. Einnig nýtum við skráningar til þess að segja frá starfi leikskólans.

Tækifæri til umbóta: Við viljum leggja meiri áherslu á skráningar. Gera skráningar út frá daglegum athöfnum innan leikskólans og þegar farið er í vettvangsferðir. Einnig að vinna meira með ljósmyndaskráningar þar sem ljósmyndirnar lýsa ferlinu án þess að þurfa að setja orð við myndirnar og skráningar þar sem augnablikið er fangað, til dæmis í leik barnanna.



UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/ aðferðir?	Viðmið um árangur
Félagsfærni	Að efla sjálfstraust og félagsfærni barna.	Vera með börnin í litlum hópum.	Deildarstjóri og þeir kennarar sem sjá um Blæstundir.	Okt. 2024	Maí 2025	Verkfæri Jákvæðs aga fyrir ung börn og vináttuverkefni Barnaheilla (Blær). Umræðumat á deildarfundum.	Að börnin sýni félagslegan áhuga gagnvart öðrum börnum. Að börnin finni að þau tilheyri og leggi sitt af mörkum.
Sjálfsþing	Að börnin læri að nota viðeigandi áhöld í matartíma. Að börnin þurrki andlit og hendur eftir matartíma.	Með því að aðstoða börnin og minna þau á í orði og gjörðum. Hafa áhöld sem passa vel í litlar hendur. Kenna börnunum að þrifa andlit og hendur með litlum klútum.	Deildarstjóri og aðrir kennarar deildarinnar.	Sept. 2024	Maí 2025	Skráningarblað sem farið verður yfir á deildarfundum.	Að auka færni barnanna til að gera sem mest sjálf í matartímanum.
Sjálfsþing	Að börnin klæði sig sjálf í einfaldan útifatnað.	Kennarar veiti börnunum tíma og aðstoð ef þarf við að klæða sig fyrir útiveru.	Deildarstjóri og aðrir kennarar deildarinnar.	Sept. 2024	Maí 2025	Skráningarblað sem farið verður yfir á deildarfundum.	Að börnin geti sjálf klætt sig: *í úr húfu *úr vettlingum *í úr pollagalla/kuldagalla *renna upp og niður *úr skóm
Sjálfsþing	Að börnin klæði sig sjálf í einfaldan fatnað.	Kennarar veiti börnunum tíma og aðstoð ef þarf við að klæða sig eftir hvíld.	Deildarstjóri og aðrir kennarar deildarinnar.	Sept. 2024	Maí 2025	Skráningarblað sem farið verður yfir á deildarfundum.	Að börnin geti sjálf klætt sig: *í buxur *í sokka *sett handleggi í ermar
Málörvun/læsi	Að börnin fái gæðalestur í litlum hópum og einkalestur með	Höfum fasta tíma/daga fyrir gæðalestur og að ákveðinn	Deildarstjóri og kennari með yfirmsjón.	Sept. 2024	Maí 2025	Skráningarblað þar sem merkt verður við hvenær hvert barn fer í gæðalestur.	Að börnunum finnist gaman að fara inn í gæðalestur og njóti þess að hlusta á söguna. Að börnin fari



	kennara. Að börnin læri að umgangast bækur af virðingu.	kennari hafi yfirumsjón með lestrinum.				Umræðumat á deildarfundum.	vel með þær bækur sem þau skoða.
Málörvun/læsi	Að hljóðkerfisvitund barnanna aukist ásamt orðaforða og málskilningi.	Styðjumst við fyrstu hljóðasmíðju Lubba sem kennir börnunum m.a. táknrænar hreyfingar hljóðanna.	Deildarstjóri og kennari með yfirumsjón.	Janúar 2025	Maí 2025	Skráningarblað þar sem hægt er að merkja við. Umræðumat á deildarfundum.	Að börnin verði orðin fær í að klappa einfaldar samstöfur, þekkja stafinn sinn og hljóð hans.
Sköpun	Hvetjum börnin til að teikna og lita því það eru fyrstu skrefin í átt að þeirri færni sem þau þurfa seinna meir til að skrifa.	Nýtum seinni parta betur til sköpunar og rólegra stunda.	Deildarstjóri og aðrir kennarar deildarinnar.	Sept. 2024	Maí 2025	Skráningarblað þar sem hægt er að merkja við. Geymum að minnsta kosti eina teikningu frá hverju barni og tvínum jafnvel saman við skráningar. Umræðumat á deildarfundum.	Að börnin sýni sköpun meiri áhuga og óski sjálf eftir því að fá að fara í listasmiðju. Að börnin læri að virkja ímyndunarafli sitt, sýna frumkvæði og gagnrýna hugsun.
Skráningar	Vinna markvissara með skráningar jafnt og þétt yfir árið.	Að börnin séu með allar föstu skráningar nar og a.m.k. eina aðra.	Deildarstjóri og aðrir kennarar deildarinnar.	Sept. 2024	Maí 2025	Skoða ferilmöppurnar tvisvar yfir skólaárið og taka stöðuna. Skrá niður hjá okkur þegar skráning er komin í möppu.	Fara yfir ferilmöppur barnanna til að athuga hvort markmiðinu hafi verið náð.



5 Innra mat Lindarinnar

Skólaárið 2023-2024 var Lindin með 20 börn á aldrinum tveggja til þriggja ára. Fjögur börn hófu leikskólagöngu í fyrsta sinn. Sjö börn fluttu frá Stjörnuni yfir á Lindina. Önnur komu úr ungarnaleikskólum eða frá dagforeldrum. Fyrri aðlögun hófst í ágúst og seinni aðlögun í september. Aðlögunin gekk vel en einblínt var á að leyfa börnunum að njóta sín mest í leiknum.

Endurmat á starfsáætlun 2023-2024

Félagsfærni

Mikið rætt við börnin um vináttu, góðvild og virðingu og með því stuðst við **vináttuverkefni Barnaheilla (Blær)**. Börnin voru einnig hvött til að hjálpast að og skiptast á í leik. Í **Jákvæðum aga** eru verkfæri sem kennarar geta nýtt sér, ef/og þegar upp koma árekstrar milli barna, og mættum við vera duglegri við að nýta okkur þau verkfæri.



Styrkleikar: Börnunum finnst gaman að hlusta á lögin í Blæ og um leið eflast þau í félagsfærni.

Tækifæri til umbóta: Blæstundir voru ekki eins markvissar og vonast var til og verður bætt úr því á næsta skólaári. Verum duglegri að nýta okkur verkfæri **Jákvæðs aga fyrir ung börn** og einblínum á 5-10 verkfæri í einu.

Sjálfsfling

Að börnin læri að öðlast trú á eigin getu og læri að þekkja styrkleika sína og veikleika. Börnin hafa aðstoðað við að leggja á borð og ganga frá eftir matartíma. Í fataklefa voru börnin hvött til að klæða sig sjálf í og úr útifatnaði og í sinn eigin fatnað eftir hvíld.

Styrkleikar: Börnunum finnst gaman að aðstoða í matartíma og eru stolt þegar þau ná að klæða sig sjálf í og úr fatnaði.

Tækifæri til umbóta: Að flest börn séu hætt á bleyju áður en þau fara á eldri deild. Þau nái að klæða sig að mestu leyti sjálf hvort sem er í útifatnað eða sinn eigin fatnað.



Málörvun/læsi

Bækur voru ávallt aðgengilegar fyrir börnin og var mikið lesið fyrir börnin hvenær sem er yfir daginn. Til þess að auka við orðaforða barnanna lögðum við orð á allar athafnir og nýttum okkur TMT (tákn með tali) hjá þeim börnum sem þurftu mest á því að halda. Söngur er einnig mikið notaður til að auka orðaforða og var sungið hvenær sem er yfir daginn ekki einungis í samveru.

Styrkleikar: Áhugi barnanna á bókum jókst og fannst þeim gaman að skoða myndirnar í bókunum, ýmist með kennara eða án. Börnunum finnst einnig gaman að syngja og taka þau mikinn þátt þegar sungið er.

Tækifæri til umbóta: Koma gæðalestri aftur á svo að öruggt sé að öll börn fái lestur yfir daginn og nýta myndir meira þegar sungið er í samveru til að festa orðaforða betur í sessi.

Sköpun

Litir og blöð eru ávallt aðgengileg fyrir börnin og gekk listastarfið vel inni á deild hjá okkur. Gerðum allskonar verkefni, sum voru stýrð en önnur voru að ósk barnanna. Listasmiðja var ekki fest niður á ákveðna daga, frekar voru tækifærin gripin þegar barnahópurinn var vel stemmdur og unnið að tilteknum verkefnum.

Styrkleikar: Börnin njóta sín vel í listasmiðju.

Tækifæri til umbóta: Markvissari listsköpun með skráningum. Fleiri verkefni. Skipta barnahópnum meira niður, þannig að til dæmis helmingur barnanna fari út á meðan helmingur er inni í listsköpun.



Skráningar

Aðaláherslan var lögð á afmælis-, jóla- og öskudagsskráningar þennan veturinn.

Styrkleikar: Börnunum finnst gaman að skoða möppurnar sínar og skráningarnar en með skráningum getum við fylgst með hugmyndum barnanna og hvernig þau þróa hugmyndina áfram í verki. Einnig nýtum við skráningar til þess að segja frá starfi leikskólans.

Tækifæri til umbóta: Við viljum leggja meiri áherslu á skráningar. Gera skráningar út frá daglegum athöfnum innan leikskólans og þegar farið er í vettvangsferðir. Einnig að vinna meira með ljósmyndaskráningar þar sem ljósmyndirnar lýsa ferlinu án þess að þurfa að setja orð við myndirnar og skráningar þar sem augnablikið er fangað, til dæmis í leik barnanna.



UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/ aðferðir?	Viðmið um árangur
Félagsfærni	Efla félagsfærni og góðvild meðal barnanna.	Vera með börnin í litlum hópum.	Deildarstjóri	Okt. 2024	Mái 2025	Verkfæri Jákvæðs aga fyrir ung börn og vináttuverkefni Barnaheilla (Blær). Umræðumat á deildarfundum.	Að börnin sýni félagslegan áhuga gagnvart öðrum börnum. að börnin finni að þau tilheyri og leggi sitt af mörkum.
Sjálfsfelling	Að börnin verði sjálfstæð við matarborðið	Hvetjum börnin til að skammta sér sjálf og ganga frá eftir matartímann.	Deildarstjóri og aðrir kennarar deildarinnar	Sept. 2024	Mái 2025	Umræðumat og skráningarblað sem farið verður yfir á deildarfundum.	Að auka færni barnanna til að gera sem mest sjálf í matartímanum.
Sjálfsfelling	Að börnin klæði sig sjálf í einfaldan útifatnað.	Kennarar veiti börnunum tíma og aðstoð ef þarf við að klæða sig fyrir útveru.	Deildarstjóri og aðrir kennarar deildarinnar	Sept. 2024	Mái 2025	Skráningarblað sem farið verður yfir á deildarfundum.	Að börnin geti sjálf klætt sig: *í/úr húfu *úr vettlingum *í/úr pollagalla/kulda galla *renna upp og niður *úr skóm
Sjálfsfelling	Að börnin klæði sig sjálf í einfaldan fatnað.	Kennarar veiti börnunum tíma og aðstoð ef þarf við að klæða sig eftir hvíld.	Deildarstjóri og aðrir kennarar deildarinnar.	Sept. 2024	Mái 2025	Skráningarblað sem farið verður yfir á deildarfundum.	Að börnin geti sjálf klætt sig: *í buxur *í sokka *sett handleggi í ermar
Sjálfsfelling/Félagsfærni	Að börnin geti sjálf komið sér í leik og haldið sér í leik í ákveðinn tíma.	Vera með börnin í litlum hópum og grípa inn í leikinn ef þarf.	Deildarstjóri og aðrir kennarar deildarinnar.	Sept. 2024	Mái 2025	Umræðumat á deildarfundum	Að börnin verði sjálfstæð í leik og sýni félagslegan áhuga á öðrum börnum. Að börnin
Málörvun/læsi	Að börnin fái gæðalestur í litlum hópum og einkalestur með	Höfum fasta tíma/daga fyrir gæðalestur og að ákveðinn	Deildarstjóri og kennari með yfirmumsjón.	Sept. 2024	Mái 2025	Skráningarblað þar sem merkt verður við hvenær hvert barn fer í gæðalestur.	Að börnunum finnist gaman að fara inn í gæðalestur og njóti þess að hlusta á söguna. Að börnin fari



	kennara. Að börnin læri að umgangast bækur af virðingu.	kennari hafi yfirumsjón.				Umræðumat á deildarfundum.	vel með þær bækur sem þau skoða.
Málörvun/læsi	Að hljóðkerfisvitund barnanna aukist ásamt orðaforða og málskilningi	Styðjumst við fyrstu hljóðasmíðju Lubba sem kennir börnunum m.a. táknrænar hreyfingar hljóðanna	Deildarstjóri og kennari með yfirumsjón.	Sept 2024	Mái 2025	Skráningarblað þar sem hægt er að merkja við. Umræðumat á deildarfundum.	Að börnin verði orðin fær í að klappa einfaldar samstöfur, þekkja stafinn sinn og hljóð hans.
Sköpun	Hvetjum börnin til að teikna og lita því það eru fyrstu skrefin í átt að þeirri færni sem þau þurfa seinna meir til að skrifa.	Nýtum seinni parta betur til sköpunar og rólegra stunda.	Deildarstjóri og aðrir kennarar deildarinnar.	Sept. 2024	Mái 2025	Skráningarblað þar sem hægt er að merkja við. Geymum að minnsta kosti eina teikningu frá hverju barni og tvínum jafnvel saman við skráningar. Umræðumat á deildarfundum.	Að börnin sýni sköpun meiri áhuga og óski sjálf eftir því að fá að fara í listasmiðju. Að börnin læri að virkja ímyndunarafli sitt, sýna frumkvæði og gagnrýna hugsun.
Skráningar	Vinna markvissara með skráningar jafnt og þétt yfir árið.	Skrá niður hjá okkur þegar skráning er komin í möppu. Að börnin séu með allar föstu skráningar og amk eina aðra.	Deildarstjóri og aðrir kennarar deildarinnar	Haust 2024	Vor 2025	Líta yfir ferilmöppurnar tvisvar yfir skólaárið og taka stöðuna.	Fara yfir ferilmöppur barnanna til að athuga hvort markmiðinu var náð.



6 Innra mat Lautarinnar

Skólaárið 2023-2024 voru 25 börn á Lautinni. Þar voru fjórir árgangar 2018-2021. Lautin tók þátt í þremur starfendarannsóknum sem deildarstjóri framkvæmdi með börnunum og starfsmönnum. Fyrir áramót voru framkvæmdar tvær starfendarannsóknir, annars vegar málörvunarstundir þar sem deildarstjóri sá um að taka börnin í litlum hópum í málörvunarstundir. Hins vegar aðgengi barna að skapandi efniviði, allir starfsmenn tóku þátt í þeirri rannsókn. Allur skapandi efniviður var þá tekinn fram og settur í hæð barnanna og gerður aðgengilegur börnunum í daglegu starfi. Eftir áramót var framkvæmd ein starfendarannsókn en þá innleiddum við málörvunar aðferðina Gefðu 10.

Endurmat á starfsáætlun 2023-2024

Félagsfærni

Einu sinni í viku fóru börnin í Blæstund. **Blær** er vináttuverkefni Barnaheilla sem við notum í starfi til þess að efla félagsfærni, samskipti og vináttu milli barnanna. Litlu Blæ bangsarnir voru aðgengilegir börnunum og gátu þau ávallt gripið í bangsann ef þau vantaði huggun eða hlýju þar sem það er tilgangur hans. Við lögðum meiri áherslu á nudd stundir með Blæ á þessu skólaári þar sem áherslan



okkar var meiri á slökun að þessu sinni. Reglulegir **barnafundir** voru haldnir á skólaárinu þar sem við tókum fyrir ýmiss álitamál sem komu upp á deildinni, m.a. einkastaði, vináttu, samskipti og umgengni. En barnafundir falla undir **Jákvæðan aga** sem er verkfæri sem við nýtum okkur í starfi. Við tileinkuðum okkur **svæðaleikinn** á þessu skólaári, en þá setjum við upp nokkur svæði og skiptum börnunum niður í litla hópa á hvert svæði. Þegar þau voru byrjuð að venjast svæðaleiknum þá fengu þau að velja svæði sjálf. Með svæðaleiknum þá erum við að styrkja félagsfærni barnanna og styrkja samskiptin á milli þeirra í minni hópum. Börnin fengu tækifæri á að kynnst öðrum börnum á deildinni betur og kennurum þar sem það var ávallt kennari á hverju svæði.

Styrkleikar: Börnin læra að bera virðingu fyrir hvort öðru. Í nuddstundunum þá lærðu þau mörk hjá hvert öðru þar sem þau þurftu að fá leyfi við að nudda hvort annað. Á barnafundunum lærðu börnin að koma skoðunum sínum á framfæri og ræða um málefni sem tengdust daglegu starfi þeirra í leikskólanum. Svæðaleikurinn styrkir leikinn hjá börnunum og þau læra að haldast lengur í leiknum og njóta sín í minni hópum.

Tækifæri til umbóta: Hafa fastann kennara sem sér um Blæstundirnar og hafa þær á föstum tímum einu sinni í viku. Við vorum ekki með fastan tíma en héldum Blæstund, eftir bestu getu, einu sinni í viku. Við viljum bæta okkur og hafa betra aðhald í kringum Blæ.



Sjálfsþing

Börnin læra að vera sjálfstæðari í daglegu starfi leikskólans. Börnin fara í **matstofuna** og skammta sér sjálf mat á diskinn, þau læra að meta sjálf hversu mikið þau þurfa á diskinn sinn. Börnin öðlast sjálfstæði í að velja sér sæti í matstofunni og velja hjá hverjum þau sitja með. Einnig læra þau að ganga frá og þvo sér eftir matinn. Sjálfstraustið eykst þegar þau finna að þau hafa vald og að það sé hlustað á þarfir þeirra. Einu sinni í viku er **flæði** á milli elstu þriggja deildanna. Þá fá börnin að velja sér leik inni á þeirri deild sem þau velja í flæðinu.

Styrkleikar: Börnin styrkjast í því að fá að skammta sér sjálf matinn á diskinn sinn í matartímanum. Þau fá einnig ákveðið frelsi þar sem þau fá að velja sér sæti sjálf og geta þá setið með vinum sínum á öðrum deildum og efla þá félagsfærni. Sama á við í flæðinu þar sem þau fá frelsi í að velja sér deild og efla þannig sjálfstæði í leiknum og efla félagsfærni.

Tækifæri til umbóta: Skipuleggja flæðið á milli deilda betur. Vera með ákveðinn efnivið inni á hverri deild og börnin velja deild út frá efniviðnum sem er í boði á hverju svæði. Þá haldast börnin lengur í leiknum og komast betur í flæðiástand þar sem þau gleyma stað og stund.

Málörvun/læsi

Einu sinni í viku vorum við með **Lubbastundir**. Í Lubba leggjum við áherslu á máhljóðin. Í samveru sungum við reglulega Lubba lögin og fórum yfir hvaða máhljóð hvert barn á og æfðum táknið. Á þessu skólaári lögðum við inn aðferðina **Gefðu 10**. Þessi aðferð leggur áherslu á að kennari gefi hverju barni tíu mínútur á dag í samskipti yfir daginn. Við lögðum helst áherslu á fjöltyngdu börnin og börn með málörðuleika. Við lögðum meiri áherslu á **lestur** í samveru fyrir hádegismatinn. Börnunum var skipt upp í tvo hópa. Við nýttum einnig Friðheima reglulega í svæðaleik og var lesin bók á því svæði. Við nýttum einnig bókasafnið í Úlfarsárdal. Fórum í ferðir þangað með strætó í lestrarstund.



Styrkleikar: Börnin eru byrjuð að þekkja sinna upphafsstaf og kunna máhljóðið og tákni stafsins. Þau eru orðin duglegri að hlusta á sögur og sýna því mikinn áhuga.

Tækifæri til umbóta: Halda áfram að bæta okkur í lestrar stundum og skipta börnunum niður í tvo hópa. Hafa markvissri málörvun fyrir þau börn sem þurfa mest á því að halda.



Sköpun

Vegna rannsóknar á Lautinni var mikil sköpun á deildinni. Við breyttum deildinni þannig að allur skapandi efniviður var í hæð barnanna og var aðgengilegur börnunum allan daginn. Börnin voru að læra að umgangast mismunandi skapandi efnivið, m.a. málningu, tússliti, garn, textílefni og þess háttar. Börnin lærðu einnig að nota ýmis áhöld m.a. nálar og skæri, en þessi áhöld voru aðgengileg með umsjón starfsmanna. Börnin lærðu að nýta textílefni í verkefni sín og lærðu að sauma í pappír.



Styrkleikar: Börnin urðu sjálfstæðari með efniviðinn og fundu fyrir meira frelsi að vinna verkefni út frá eigin hugmyndum. Þau lærðu að umgangast efniviðinn og nýta sér hann á eigin forsendum. Sköpunargleðin jókst á deildinni og var alltaf einhver sköpun í gangi.

Tækifæri til umbóta: Bæta við fleiri skapandi efniviði í hilluna sem er aðgengileg börnunum.

Skráningar

Við leggjum áherslu á afmælis- og jólagjafaskráningar.

Styrkleikar: Með skráningum getum við fylgst með hugmyndum barnanna og hvernig þau þróa sína hugmynd áfram í verki. Einnig nýtum við skráningar til þess að segja frá starfi leikskólans.

Tækifæri til umbóta: Við viljum leggja meiri áherslu á skráningar. Gera skráningar út frá daglegum athöfnum innan leikskólans og þegar farið er í vettvangsferðir. Einnig að vinna meira með ljósmyndaskráningar þar sem ljósmyndirnar lýsa ferlinu án þess að þurfa að setja orð við myndirnar.



UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/ aðferðir?	Viðmið um árangur
Félagsfærni	Efla félagsfærni og góðvild meðal barnanna.	Í litlum hópum.	Deildarstjóri og aðrir kennarar deildarinnar.	Sept. 2024	Maí 2025	Barnafundir. Blær. Svæðaleikur. Haldið verður utan um skráningar og umræðumat á deildarfundum.	Að börnin sýni félagslegan áhuga gagnvart öðrum börnum.
Sjálfsþing	Að börnin verði sjálfstæðari í daglegum athöfnum.	Í flæði á milli deilda og í matstofnunni.	Deildarstjóri og aðrir kennarar deildarinnar.	Sept. 2024	Maí 2025	Matstofnan. Flæði. Umræðumat á deildarfundum.	Að auka færni barnanna til að gera sem mest sjálf í daglegum athöfnum.
Málörvun/læsi	Efla málþroska barnanna á deildinni. Vekja áhuga þeirra á lestri.	Í litlum hópum.	Deildarstjóri og aðrir kennarar deildarinnar.	Sept. 2024	Maí 2025	Lubbi. Bókasafnsferðir. Samverustund. Friðheimar. Gerðar verða skráningar og umræðumat á deildarfundum. Meta tvisvar á skólaári með samtali og könnun á þekkingu máhljóðanna og málörvunar viðmiðum.	Að börnin læri máhljóðin og læri sinn staf. Að þau læri að hlusta á sögur og sýna sögunni skilning.
Sköpun	Efla sköpunargleði barnanna. Kynna fyrir þeim mismunandi efnivið og ýmis áhöld.	Í litlum hópum og í flæði.	Deildarstjóri og aðrir kennarar deildarinnar.	Sept. 2024	Maí 2025	Listasmiðjan. Flæði. Vinna með ólíkan efnivið. Skráningarblað með verkefnum yfir skólaárið. Einnig verða gerðar skráningar út frá verkefnum barnanna og umræðumat á deildarfundum.	Að börnin sýni sköpun meiri áhuga og sýna frumkvæði í sköpun.
Skráningar	Leggja meiri áherslu á ljósmyndaskráningar og skráningar í daglegu starfi	Í leik, vettvangsferðum, útiveru og við fleiri tækifæri	Deildarstjóri og aðrir kennarar deildarinnar.	Sept. 2024	Maí 2025	Ljósmyndir Farið verður yfir ferilmöppurnar tvisvar á önn.	Að gera starfið sýnilegra fyrir foreldra. Börnin geta skoðað skráningarnar ferilmöppunum sínum.



7 Innra mat Sólarinnar

Á Sólinni voru 24 börn veturinn 2023-2024 sem fædd voru árin 2018, 2019 og 2020. Haustið gekk vel en eftir áramót urðu nokkrar starfsmannabreytingar og nýr deildarstjóri tók við deildinni í byrjun febrúar 2024.

Barnafundur, Blæ- og Lubbastundir var áætlað að hafa reglulega og gekk það vel. Börnunum var skipt upp í þrjá hópa fyrir þessar stundir með tilliti til getu og þroska barnsins frekar en aldur þess. Í byrjun skólaárs var haldin barnafundur og þar fengu börnin að velja nöfn á þessa hópa. Valið var að nefna hópana Risaeðluhóp, Köngulóarhóp og Kanínuhóp. Unnið var að því að hver hópur kæmist einu sinni í viku í hverja stund, það stóðst að mestu en þegar líða fór að vori fækkaði stundunum.

Endurmat á starfsáætlun 2023-2024

Félagsfærni

Á Sólinni hefur verið unnið með að efla félagsfærni barnanna, stuðla að jákvæðum samskiptum og efla vinsemd. Það höfum við gert í gegnum vináttuverkefnið Blæ og með verkfærum Jákvæðs aga. Í Blæstundum höfum við notast við spjöldin sem eru í kistunni, út frá þeim skapast oft miklar og áhugaverðar samræður. Farið hefur verið í nuddstundir, lesið bækur, hlustað og æft lögin. Á Sólinni hefur einn starfsmaður haft umsjón yfir Blæstundunum og það hefur haldist nokkuð vel að hver hópur fari vikulega í stundir. Fyrir áramót voru haldnir reglulegir barnafundir og á þeim var farið yfir málefni deildarinnar, teknar ákvarðanir með börnunum, reynt að efla framkomu og tjáningu barnanna á skoðunum þeirra.

Styrkleikar: Við höfum séð að börnin hafa eflst þegar kemur að félagsfærni og eiga auðveldara með að tjá sig, í smáum og stórum hópum. Þau eru orðin öflug í að setja sér sín mörk, hlusta á aðra og stöðva óæskilega hegðun. Sést hefur hvað mörg börn hafa eflst í félagslegum leik. Barnafundir gengu vel og höfðu börnin gaman að þeim. Teljum við barnafundi vera valdeflandi fyrir börnin og þau finni að þau hafa eitthvað að segja þegar kemur að þeim ákvörðunum sem snerta þau. Skemmtileg leið til þess að fá nýjar hugmyndir frá börnunum og leyfa þeim að hafa lýðræðislega kosningu um málefni deildarinnar.



Tækifæri til umbóta: Stefnum á að halda Blæstundum áfram eins og hefur verið. Það er þó alltaf hægt að bæta sig, það mætti fara markvissara og dýpra yfir hvert viðfangsefni. Taka kannski lengri tíma fyrir hvert málefni. Stefnum á að koma litlu Blæ böngsunum aftur í sín heimili upp á vegg þar sem þeir hafa dvalið þetta skólaár í skúffum barnanna. Barnafundirnir dattu dálítið niður eftir áramót vegna breytingu á starfsfólki deildarinnar og vonumst við til þess að ná þeim aftur upp og hafa þá aftur reglulega. Nýta einnig þá til að fá inn nýjar og ferskar hugmyndir frá börnunum.



Sjálfsþing

Á Sólinni höfum við verið að vinna mikið að sjálfsþingu barnanna, reynt að fá börnin með okkur í flest öll verkefni deildarinnar og fengið þau til að gera og sjá um flest allar daglegu athafnir að mestu sjálf. Við höfum lagt mikla áherslu á að efla þau í fataklefanum og höfum nýtt okkur vitneskju þeirra um annarra manna fót í fataklefanum, þar sem þau þekkja fót barnanna mikið betur en kennararnir. Mikið plöntulíf er á Sólinni og fá börnin oft að spreyta sig á misjöfnum verkefnum garðyrkjunnar, bæði inni og úti.

Styrkleikar: Þau skammta sér sjálf í morgunmat og hefur það gengið vel. Í matstofunni og ákveða mat þau vilja borða og hversu mikið. Þar læra þau að skammta sér og finna sér rétt magn. Nýlega höfum við verið að efla börnin í að hjálpa okkur að skera ávexti inn á deild. Þetta þykir þeim áhugavert og vilja allir fá að prófa. Þau eru með byrjenda hníf sem getur ekki skorið fingur.

Tækifæri til umbóta: Efla þau í sjálfshjálp. Halda áfram að hvetja þau í fataklefanum, byrja með fataklefastjóra. Fá þau til að taka meiri þátt í ákvörðunum, daglegum athöfnum og hjálpa til.



Málörvun/læsi

Lubbi hefur verið okkar helsta verkfæri þegar kemur að málörvun. Hver hópur fór einu sinni í viku í skipulagðar Lubbastundir. Líkt og í Blæstundunum þá hefur einn kennari verið með umsjón yfir stundirnar. Notast hefur verið við Tákni með tali á Sólinni en það datt aðeins niður á miðjum vetri og unnum við hörðum höndum að ná því aftur upp og byrjuðum með tákni vikunnar. Erum síðan með tákni fyrir þann mánuð og dag sem er og hafa börnin sýnt því mikinn áhuga og ótrúlega snögg að ná táknum. Ferðir og sögustundir á bókasafnið hafa verið nokkrar.

Styrkleikar: Lubbi er frábært verkfæri sem kennir börnunum máhljóðin og sjáum við hvað þau náð fljótt góðum tókum á nýjum máhljóðum. Flest börnin sýna þessu mikinn áhuga og þykja stundirnar skemmtilegar. Tákni með tali reynist öllum vel, þá sérstaklega fólki með mál- og talörðugleika. Höfum séð mikinn áhuga kvikna hjá börnunum og eru farin að spyrja mikið um hvaða tákni er fyrir þetta orð og hitt.

Tækifæri til umbóta: Leggja meiri áherslu á að hafa reglulegri og meiri einstaklingsbundna málörvun. Á næsta ári langar okkur að innleiða Gefðu 10 á Sólinni, þar sem það eru þó nokkur börn sem þurfa á meiri örvun á að halda. Að öll börn fái sín eigin tákni, eitthvað sem við erum búin að ætla okkur.



Sköpun

Skapandi efniviður hefur verið frekar aðgengilegur á Sólinni. Höfum reynt að vera dugleg að skipta út efnivið í hverjum mánuði til að fá inn nýjar hugmyndir að leikjum fyrir börnin. Höfum reynt að finna tíma í að setja upp kveikjur fyrir börnin, þá helst fyrir hádegið og þegar inn er komið úr útiveru. Leir er alltaf í boði fyrir börnin og búinn er til nýr leir í byrjun vikunnar. Litir eru alltaf í boði og geta þau náð í það sjálf öllum stundum. Föndur líkt og að klippa og líma er oftast í boði en þó ekki í þeirra aðgengi.



Styrkleikar: Börnin leita mikið í leir og njóta sín vel. Þeim þykir helst skemmtilegast að búa til núðlur og pizzur, þar sem við erum með mikið af diskum, skálum, formum og tólum sem nýtast í eldamennsku í leirnum. Þau eru oft komin á einhvern flottan veitingastað þarna við borðið.

Tækifæri til umbóta: Bæta við enn meiri skapandi efnivið í hillurnar og setja oftar upp áhugaverðar kveikjur fyrir börnin inn á deild. Nýta okkur betur á leik barnanna og fá kveikjur að verkefnum til að gera.

Skráningar

Skráningar hefðu mátt vera fleiri þetta árið en fyrir fram ákveðnar skráningar voru enn á sínum stað. Afmælistskráningar héldu sínu striki en jólagjafaskráningar voru einfaldaðar. Farið var í skemmtilega bátsferð upp að Reynisvatni þar sem börnin, ásamt kennurum, höfðu búið til pappabáta úr kartoni og létu þau bátana fljóta og komust að því hvað gerðist þegar bátarnir fóru í vatnið, úr þessari ferð varð til skemmtileg skráning. Fleiri svona verkefni og göngutúrar eru tilvalin tækifæri fyrir skráningu.



Styrkleikar: Skemmtilegt fyrir kennara, börn og foreldra að geta lesið skráningar í möppum barnanna. Skrá niður gull augnablik barnanna sem skemmtilegt væri fyrir þau að eiga á blaði, góð leið til skrá og segja frá starfi leikskólans.

Tækifæri til umbóta: Gera fleiri skráningar úr daglegu starfi og skemmtilegum augnablikum. Vinna markvissara með skráningar yfir skólaárið. Minna okkur á að of hugsa ekki þessar skráningar, þær þurfa ekki alltaf að vera flóknar.



UMBÓTAPÁTTUR /MATSÞÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/ aðferðir?	Viðmið um árangur
Félagsfærni	Efla félagsfærni og góðvild meðal barnanna.	Í litlum hópum í samverustund og barnafundum. Lesa fleiri bækur sem snúa að félagsfærni, umhyggju, samvinnu og þess háttar. Ræða það með þeim og vinna verkefni.	Deildarstjóri og sá kennari sem hefur umsjón með Blæstund.	Haut 2024	Vor 2025	Vinátuverkefnið Blær og verkefni Jákvæðs aga.	Að börnin séu örugg í samskiptum og félagslegri færni.
Sjálfsþing	Efla sjálfshjálp og sjálfstraust meðal barnanna.	Nýta styrkleika barnanna í daglegum athöfnum.	Deildarstjóri og aðrir kennarar deildarinnar	Haut 2024	Vor 2025	Skráningarblað og umræðumat á deildarfundum.	Að auka getu barnanna í daglegum athöfnum.
Málörvun/læsi	Halda áfram að vinna með Lubba. Fara markvisst yfir máhljóðin og vinna verkefni út frá máhljóði vikunnar.	Hafa lýðræðisleg a kosningu á barnafundi um verkefni til að vinna.	Deildarstjóri og sá kennari sem hefur umsjón með Lubba-stundum.	Haut 2024	Vor 2025	Lubbi finnur málbein. Meta tvisvar á skólaári með samtali og könnun á þekkingu máhljóðanna og málörvunar viðmiðum.	Að börnin hafi náð góðum tókum á flestum máhljóðum sem farið var yfir á skólaárinu.
Málörvun/læsi	Efla einstaklingsbundna málörvun. Innleiða Gefðu 10.	Nota Sögu-grunninn, spil, sögur og annað málörvunar efni. Nýta samverustundir.	Deildarstjóri og aðrir kennarar deildarinnar.	Haut 2024	Vor 2025	Halda skrá utan um hvað þau hafa lært og náð tókum á. Taka stöðuna tvisvar á ári til að meta árangur.	Að öll börn fái viðeigandi málörvun yfir allt skólaárið.



Sköpun	Hlusta á leik barnanna. Hafa skapandi efnivið ávallt aðgengi- legan.	Setja oftar upp áhuga- verðar kveikjur á deildinni.	Deildar- stjóri og aðrir kennarar deildar- innar.	Haust 2024	Vor 2025	Skráningar- blað þar sem hægt er að merkja við. Geymum að minnsta kosti eina teikningu/ listaverk frá hverju barni og tvínum jafnvel saman við skráningar. Umræðumat á deildar- fundum.	Að börnin læri að virkja ímyndunar afl sitt, sýna frumkvæði, og gagnrýna hugsun.
Skráningar	Vinna markvissara með skráningar jafnt og þétt yfir árið.	Skrá niður hjá okkur þegar skráning er komin í möppu. Að börnin séu með allar föstu skráningarnar og a.m.k eina aðra.	Deildar- stjóri og aðrir kennarar deildar- innar	Haust 2024	Vor 2025	Líta yfir feril- möppurnar tvisvar yfir skólaárið og taka stöðuna.	Fara yfir feril- möppur barnanna til að athuga hvort mark- miðinu hafi verið náð.



8 Innra mat Fjallsins

Á Fjallinu var 21 barn haustið 2023. Það voru þrjú árgangar: 9 börn sem fædd voru 2018, 8 börn fædd 2019 og fjögur fædd 2020. Í janúar bættist síðan eitt barn við þannig að barnahópurinn var kominn í 22 börn.

Í vetur var unnið með Blæ, Lubba og barnafundi sem er í tengslum við Jákvæðan aga. Börnunum var skipt upp í 3 hópa, eftir aldri, getu og þroska til að fara í þessar stundir.

Við héldum áfram að vinna með svæðaleikinn á morgnana milli kl. 9:30 og 11:00. Í svæðaleik völdu börnin sér svæði til að leika á. Svæðin voru Byggingarsvæði, Læsisvæði, Listasvæði og Leiksvæði sem er öll önnur svæði en þau sem tilgreind voru hér að framan. Reynslan hefur sýnt að meiri ró kemst yfir hópinn þegar svæðaleikur er notaður, frekar en þegar því er sleppt.

Félagsfærni


Á Fjallinu hefur verið unnið með að efla félagsleg samskipti, jákvæð samskipti og vináttu. Það hefur verið gert meðal annars með **vináttuverkefningu Blær**. Markmiðið er að hvert barn fari einu sinni í viku í Blæstund. Þar er kennari með lítinn hóp barna þar sem eitt spjald úr töskunni er tekið fyrir. Það er lesið, hópurnir spjallar saman um það eftir getu og síðan eru sungin lög. Til að styrkja vináttu er börnunum einnig boðið að nudda hvort annað sem hjálpar þeim að sýna góðvild í garð hvers annars. Öll börnin eiga sinn eigin lítinn Blæ bangsa sem þau geta sótt hvenær sem er og knúsað eða notað sem öryggi.

Með Blæ hefur einnig verið unnið með verkfæri úr Jákvæðum aga. Þar sem börnin eru m.a. hvött til að biðja hvort annað um að skiptast á og tala saman þegar upp kemur ágreiningur. Einnig voru haldnir barnafundir þar sem börnin hjálpast að við að koma með hugmyndir til að leysa ýmis vandamál sem upp koma eða koma með hugmyndir af einhverju sem þau vilja gera. Á barnafundum var farið yfir ýmis mál sem upp komu á deildinni svo sem matsalur, samverustund og einkastaðir. Farið var yfir hlutverk á borð við: umsjónamaður og blómabarn, og ýmis önnur mál sem börnin höfðu skoðanir á.

Styrkleikar:

Blær er gott tæki til að kenna börnunum félagsleg samskipti. Þegar upp koma atvik í leik er auðvelt að vitna til hvað var verið að ræða í Blæstund og leiðbeina börnunum áfram með aðstoð Blæs. Börnin eru dugleg að segja vinum hvað það er sem þau vilja og þekkja sín mörk ásamt því að segja frá þegar illa gengur milli vina. Börnin eru flest komin með ríka réttlætiskennd og biðja óhikað um aðstoð frá kennara til að leysa úr vandamálum sem þau ná ekki að leysa sín á milli.

Á barnafundum fá allir rödd og skiptir það miklu máli. Allir mega koma með hugmyndir og hópurnir hjálpast að við að finna lausnir á vandamálum sem upp koma á deildinni, hvort sem það er milli þeirra í hópnum eða skipulagsmál sem þarf að breyta. Stundum voru samverustundir notaðar í barnafundi til að passa að eiga samtalið við börnin um þeirra skoðanir. Á þessum stóru barnafundum æfðust börnin



í að skiptast á að tala, rétta upp hönd, bíða, og virða það að annað barn átti orðið. Í dag þarf kennari aðeins að rétta upp hönd og gefa tákni fyrir hljóð, til að minna börnin á að skiptast á að tala og rétta upp sína hönd.

Tækifæri til umbóta:

Blæstundir gengu vel í vetur en það má alltaf gera betur. Þær áttu til að falla niður ef vantaði starfsfólk. Verið er að skoða hvernig og hvort breyta þurfi tímasetningu stundanna til að það gangi upp að halda stundum alltaf. Jafnvel að vera opin fyrir því að grípa hóp á öðrum tímum.

Barnafundir voru haldnir á sama tíma og áttu það til að falla niður. Til að halda dampi og leyfa börnunum að koma sinni rödd að notuðum við samverustundir til að halda stóra barnafundi til að ræða málin. Við viljum reyna að halda betur utan um minni barnafundi og ná dýpri vinnu í þeim.

Sjálfsfelling

Í vetur höfum við haldið áfram að efla sjálfstæði og sjálfstraust barnanna. Það höfum við gert með því að búa til ýmis hlutverk sem börnin hafa innan deildarinnar. Þetta er eitt af verkfærum **Jákvæðs aga**. Börnin skammta sér sjálf í matsalnum og ákveða því sjálf hve mikið fer á diskinn þeirra og hvaða mat þau vilja, þó eru þau hvött til að smakka allan mat. Börnin velja sjálf hvar þau sitja og geta skipt um sæti í miðjum mat ef þau vilja til að sitja við hlið vina.

Í fataklefanum höfum við eflt þau í að klæða sig sjálf, að þau prófi alltaf fyrst áður en þau fá aðstoð. Elstu börnin eru svo styrkt í að finna út í hvaða fötum þau geti farið í út. Þetta er gert með því að biðja þau um að kíkja út og spyrja í hvaða fatnað þau haldi að best sé að klæða sig í. Síðan fer fram samtal og rökræður um hvað hentar hverju sinni. Börnin fara yfirleitt út í fötum sem henta veðri. Ef þeim er ekki haggð fá þau að prófa að fara út í þeim fötum sem þau telja nægileg (innan ákveðna marka) en hvött til að koma inn að skipta um leið og þau finna að þau þurfa. Í þessum aðstæðum er Jákvæður agi mikið notaður með því að bjóða þeim t.d. val milli tveggja möguleika.

Á hverjum degi er deildin með umsjónarmann yfir daginn. Umsjónamaður sker ávexti í byrjun dags og býður börnunum að fá sér í ávaxtasamveru. Í hádeginu aðstoðar hann kennara við að gera matsalinn tilbúinn, segja börnunum hvað sé í matinn og býður þeim að koma að borða. Hann les svo upp af myndum á matardisk hvaða börn byrja í matsalnum. Börnin eru mjög spennt að sinna þessu hlutverki og bíða spennt eftir að kemur að þeim.

Í vetur byrjuðum við að hafa tvö börn saman sem áttu það hlutverk að vökva blómin. Þetta hlutverk kölluðum við Blómabörn.

Í samveru tókum við oft spjall þar sem börnin mega segja frá einhverju ákveðnu eða einhverju sem þau vilja deila. Þarna fá börnin tækifæri til að tjá sig fyrir framan aðra. Við hvetjum þau til að segja frá en engin þarf að gera það nema hann vilji. Hugrekið kemur oftast hjá þeim börnum sem ekki þora þegar þau erum búin að sjá vini sína gera þetta nokkrum sinnum.



Styrkleikar: Að vera umsjónamaður og segja frá hvað sé í matinn eflir sjálfsöryggi hjá börnunum með því að tala fyrir framan aðra. Það að börnin hafi hlutverk byggir upp sjálfstraust þeirra og öryggi. Börnunum finnst gaman að hjálpa til og valdeflast við það að fá ábyrgð sem þau ráða við.

Tækifæri til umbóta: Við viljum halda áfram með þau hlutverk sem komin eru og bæta fleirum við. Sem dæmi er áætlað að hafa börn sem hjálpa til við að halda fataklefanum snyrtilegum.

Málörvun/læsi

Kennarar á deildinni sáu um málörvun. Lesið var fyrir allan hópinn að minnsta kosti einu sinni á dag og í hvert skipti barn það um lestur. Einnig voru spiluð allskonar málörvunar spil og farið í leiki í samveru. Í leik og í fataklefa voru orð lögð á hluti í samtölum við börnin ásamt því að endurtaka rétt það sem þau sögðu ef þurfti. Fyrir þau sem þurftu auka málörvun var notast við **Gefðu 10** aðferðina. Kennarar voru með mislitar teygjur á sér, sem voru aðgreindar eftir börnum, þannig að kennari vissi hve mikinn tíma hann hafði átt með hverju barni.

Unnið var með **Lubba** í litlum hópum þar sem farið var yfir íslensku máhljóðin. Barnahóparnir voru komnir mislangt með máhljóðin. Það fór svolítið eftir aldri þar sem börnin sem voru búin að vera styttra á deildinni voru komin með færri máhljóð en þau sem voru búin að vera lengur. Því voru hóparnir þrír með hver með sitt máhljóðið í gangi.

Öll börn á deildin eiga miða með nafninu sínu sem þau geta sótt og notað til að æfa að skrifa nafnið sitt sjálf á verkefni sína. Öll börn eru hvött til að reyna. Elstu eru hvött til að æfa allt nafnið sitt og yngstu hvött til að prófa fyrsta stafinn sinn.

Styrkleikar: Lubbi finnur málbein er gott verkfæri til að kynna börnunum fyrir máhljóðunum og auka orðaforða þeirra. Það fór eftir aldri og getu barnanna hvaða orð voru valin í textanum til að innleiða og auka orðaforða þeirra. Það að börnin hafi sitt nafn þar sem þau geta nálgast það styrkir þau í að skrifa og kveikir áhuga á að skrifa enn fleiri orð.

Tækifæri til umbóta: Þennan vetur voru 6-7 börn sem þurftu auka málörvun. Við hefðum vilja ná sér málörvunarstundum fyrir þau, til að ná að gera málörvunina skipulagðari.

Áætlað er að vinna meira með Sögugrunninn með börnunum í litlum hópum sem og að innleiða myndaspjöld með orðum til að hvetja elsta hópinn í að æfa sig meira að skrifa.



Sköpun

Sköpun var í boði alla daga í ýmsu formi. Á deildinni höfum við verðlausan efnivið í hæð barnanna og á stöðum sem þau geta nálgast hann sjálf. Eitthvað af efnivið er hærra uppi en allur efniviður er í glærum ílátum þannig börnin sjá hvað er til og geta auðveldlega beðið um það ef þau ná þeim ekki sjálf.

Börnin höfðu aðgang að leir flesta alla daga sem þeim finnst mjög gaman að leika með. Með honum var ýmist notað leirform sem við fengum gefins eða verðlaus efniviður.

Í vetur var mikið boðið upp á að mála frjálst með vatnslitum og akríl. Börnin höfðu þá frjálst val um myndefni þó kennarar kæmu stundum með uppástungur.

Skæri og lím voru mikið í boði í vetur þó það hafi ekki verið í hæð barnanna. Blöð í ýmsum stærðum og trélitir eru alltaf til staðar, stillt upp á snyrtilegan hátt, sem gerið það aðlaðandi fyrir börnin að nota.

Það er mikilvægt að kennara séu meðvitaðir um að sköpun á ekki bara heima á listasvæði heldur í öllum leik barnana. Við reyndum að vera vakandi fyrir því í vetur og bjuggum til að mynda til vasaljós á byggingarsvæðinu og skuggafígúrus á leikjasvæði sem var á stað sem við köllum stundum ljósasvæði.



Styrkleikar: Að hafa efniviðinn í hæð barnanna eflir sjálfstæði þeirra og ýtir undir ímyndunarafl og sköpun þeirra til að vinna með það efni sem þau vilja á þeirri stundu. Sköpun í leik ýtir undir hugmyndaflug barna og þjálfar þau í lausnaleit og rökhugsun.

Tækifæri til umbóta: Við viljum fara í dýpri sköpunarvinnu á listasvæði með meiri kveikjum frá kennurum. Þó það hafi vissulega verið til staðar í vetur viljum við gera betur og dýpka þá vinnu. Einnig viljum við skoða ítarlegra sköpun barna á öllum svæðum og ýta undir hana.

Skráningar

Við erum búin að vera vinna með uppeldisfræðilegar skráningar. Þær hafa aðallega verið þessar föstu sem eru alltaf, það er afmælistskráningar, jólagjafaskráningar og öskudagsskráningar. Kennarar voru duglegir að taka myndir af því sem börnin voru að gera og unnu svo einfaldar myndaskráningar úr því.

Styrkleikar: Skráningar veita góða yfirsýn yfir hvað barnið er að gera og læra í leikskólanum. Til að mynda er auðvelt að sjá hvernig barn þróar sig áfram í að gera jólagjafir og hægt er að ýta við þeim þannig þau séu ekki að endurtaka sig. Börnin hafa gaman að skoða möppuna sína og sýna vinum sínum og ættingjum með stolti hvað þau hafa gert margt skemmtilegt í leikskólanum.

Tækifæri til umbóta: Okkur langar að gera betur og bæta inn fleiri skyndiskráningum. Einnig langar okkur að hlusta betur á leik barnanna og fá kveikjur að verkefnum til að gera og gera skráningar út frá þeim.



UMBÓTAPÁTTUR / MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Félagsfærni	Halda áfram að vinna með Blæ. Tvinna inn í Blæ-stundir sjálfstæði og vald-eflingu. Vinna með barna-fundi.	Unnið í litlum hópum. Að barn fari minnst einu sinni í viku í Blæstund. Nota samverur, barnafundi og efni úr Blæ ásamt öðru efni um félagsfærni.	Deildarstjóri og kennari sem sér um Blæ-stundir. Ásamt öðrum kennurum .	Haust 2024	Vor 2025	Unnið einu sinni í viku í litlum hópum og hlustað á lögin í samveru.	Samskipti barna og líðan. Þekking þeirra á lögunum. Að börnin séu örugg í samskiptum og félagslegri færni.
Sjálfsefning	Efla sjálfshjálp og sjálfs-traust barnanna. Halda áfram með þau hlutverk sem komin eru og bæta við fleirum.	Halda barnafundi og fá börnin með í að skipuleggja hlutverk.	Deildarstjóri og aðrir kennarar á deildinni.	Haust 2024	Vor 2025	Halda litla barnafundi og ræða við börnin um hvernig þeim finnst ganga.	Auka sjálfstæði barnanna og getu þeirra í daglegum athöfnum.
Málörvun/læsi	Halda áfram að vinna með Lubba, tvinna aðra málörvun og læsi inn í þær stundir. Einnig hafa auka málörvunarstundir, sérstaklega fyrir þau börn sem þurfa.	Passa að stundirnar haldi sér. Nota samverur í málörvunaræfingar, auk þess að gefa tíma til að æfa í minni hópum og með einstaklingum. Nota Sögu-grunninn, spil, sögur og annað málörvunar efni.	Deildarstjóri og kennari sem sér um Lubba-stundir og aðrir kennarar.	Haust 2024	Vor 2025	Metið að hausti og vori með samtali og könnun á þekkingu máhljóðanna og málörvunar viðmiðum. Halda skrá utan um hvað sé gert og með hvaða börnum.	Að öll börn fái viðeigandi stund í málörvun allt skólaárið.



Sköpun	Grípa hugmyndir barnanna. Vera alltaf með opið á lista-svæði.	Með því að hlusta, vera með hvetjandi efnivið og kveikjur. Vera með skapandi starf á fleiri svæðum t.d. byggingar-svæði.	Deildarstjóri og aðrir kennarar.	Haust 2024	Vor 2025	Unnið alla þá daga sem svæðaleikur er í gangi og fyrir utan hann.	Vera með lista sem hægt er að skrá hvað börnin eru búin að gera af verkum, þannig allir geri eitthvað.
Skráningar	Gera skráningar fyrir utan þessar föstu hefðbundnu.	Gera skráningar um sköpun hjá börnunum sem ekki endilega skilar af sér afurð.	Deildarstjóri og aðrir kennarar.	Haust 2024	Vor 2025	Fylgjast með ferilmöppun um að allir séu að fá minnst eina svona skráningu.	Fara yfir ferilmöppur og sjá hvort markmiðinu hafi verið náð.



9 Innra mat sérkennslu

Mat á sérkennslu 2023-2024

<p>Skipulagning sérkennslu Hvernig var sérkennslan skipulögð; Var gerð einstaklingsnámskrá fyrir öll börn sem þess þurftu með? Var lögð áhersla á að barn sem nýtur stuðnings sé virkur þátttakandi í leikskólastarfinu og að stuðningur fari fram innan barnahópsins eins mikið og frekast er kostur? Gætti allt starfsfólk leikskólans að því að stuðla að fullgildi barna þannig að þau taki virkan þátt og öðlist gleði í leik og öðru námi og starfi? Hvernig var skráningu háttað, t.d. í hópstarfi, einstaklingskennslu o.fl. ?</p>	<p>Sérkennslan var skipulögð eftir stuðningsþörf barnanna. 11 börn voru í 1. flokki og þar af 10 börn með 8 tíma stuðning hvert og eitt. Einstaklingsnámskrá var búin til fyrir öll börnin. Öll börnin sem nutu stuðnings voru sem mest, ef ekki allan tímann, inni á deild þar sem stuðningur fór fram. Vinnustundir voru ýmist inni á deild eða utan og þess á milli tóku börnin virkan þátt í starfi og leik deildarinnar. Allt starfsfólk var meðvitað um að börnin tækju virkan þátt í starfi deildarinnar.</p>
<p>Hvaða matsgögn voru notuð? Hér er vísað í TRAS, AEPS,HLJÓM-2 og fl.</p>	<p>Matsgögnin sem voru notuð voru: AEPS, Hljóm – 2, Efi -2 , WebABLLS, Íslenski þroskalistinn, Tras og Orðaskil.</p>
<p>Hvaða námsefni var notað? Vorur t.d. notuð aðkeypt námsgögn?</p>	<p>Notað var námsefni sem var til í leikskólanum. Bókin <i>Tíðni orða í tali barna</i> keypt.</p>

Umbótaáætlun sérkennslu 2024-2025

UMBÓTAPÁTTUR / MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
<p>Sérkennslu-teymi</p>	<p>Búið verður til sérstakt sérkennslu-teymi og í því verða allir sérkennslu-stuðningar og sérkennslu-stjóri.</p>	<p>Stefnan er að hafa teymis-fundi aðra hverja viku og búið er að stofna hóp á Teams svo auðveldra sé að koma skila-boðum til starfs-fólks.</p>	<p>Sérkennslu-stjóri</p>	<p>Sept. 2024</p>	<p>Mái 2025</p>	<p>Með teymisfundi og umræðum.</p>	<p>Að sérkennslan sé markviss og fyrir-sjáanleiki í starfinu og að stuðnings-aðilar þekki inn á fleiri börn en eingöngu þeirra börn.</p>



10 Innra mat - börn með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn

Mat á málörvun og virkri þátttöku barna með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn

2023-2024

Hvernig er fjármagni sem úthlutað er til leikskólans vegna fjöltyngdra barna ráðstafað?	Starfsmaður fer á milli deilda og sinnir málörvun.
Er markviss vinna með daglegan orðaforða (grunnorðaforða)? Er t.d. verið að vinna með Gefðu 10?	Einungis er verið að vinna með Gefðu 10 hjá þeim börnum sem þurfa á auka málörvun að halda hvort sem um tvítyngi er að ræða eða ekki.
Er lögð áhersla á að leggja inn ríkulegan orðaforða/dýpka orðaforða (í öllum aðstæðum, bæði skipulögðum og óskipulögðum)?	Notað er hvert tækifæri til málörvunar í öllu starfi leikskólans, , lesnar bækur og spilað.
Er fylgst með framförum fjöltyngdra barna í íslensku? Eru t.d. notuð matstæki, <i>Hæfnirammur í íslensku fyrir fjöltyngd börn í leikskóla</i> , gerðar einstaklingsáætlanir eða annað?	Hæfnirammarnir voru ekki í notkun á síðasta skólaári sökum vanþekkingar starfsfólks á notkun þeirra. Engar einstaklingsáætlanir hafa verið gerðar en notast hefur verið við EFI-2 hjá öllum börnum þegar þau hafa náð tilteknum aldri.
Er hugað að öllum þáttum í læsisstefnu leikskóla, <i>Lesið í leik</i> , varðandi málþroska og virka þátttöku barna? Þættir máls: orðaforði og málskilningur; tjáning og frásögn; hlustun og hljóðkerfisvitund; ritmál; félagslegt tungumál, tilfinningar, áhugi, styrkleikar og löngun.	Hugað er að orðaforða barna og málskilningi hvenær sem tækifæri gefast, hvort sem er í gönguferðum, í leik, við bleyjuskipti eða annað. Tjáning og frásögn er markvisst á eldri deildum. Hlustun og hljóðkerfisvitund er á öllum deildum. Ritmál er sýnilegt að einhverju leyti á öllum deildum (t.d. eru flest börn með nöfn sín á skúffum og hólfum í fatahengi). Hver deild vinnur með félagsleg samskipti og finnur út áhuga og styrkleika sinna barna yfir veturinn.



Umbótaáætlun – fjöltyngi 2024-2025

UMBÓTAÞÁTTUR / MATSÞÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/ aðferðir?	Viðmið um árangur
Málþroski	Kortleggja hvort framfarir hafi orðið í málþroska fjöltyngdra barna.	Halda áfram að nota hæfniramma til að fá mælanlegar niðurstöður.	Sérkennslustjóri og deildarstjórar.	Sept. 2024	Mái 2025	Hæfniramminn lagður fyrir í september og maí.	Hæfniramminn hefur verið fylltur út tvisvar yfir skólaárið.
Fræðsla til foreldra	Að foreldrar verði meðvitaðir um mikilvægi þess að barn ná tökum á íslensku.	Senda foreldrum fræðsluefni í tölvupósti. Foreldrar fá afhenda bæklinga í foreldraviðtölum.	Sérkennslustjóri og deildarstjórar.	Sept. 2024	Mái 2025	Í samtali og samráði við foreldra.	Athugað hvort foreldrar hafi kynnt sér efnið í foreldraviðtölum að hausti og vori.
Aukin samvinna við foreldra	Foreldrar taki þátt í málþroska sinna.	Hvert barn fær bók með helstu myndum af athöfnum sem framkvæmdar eru í leikskólanum. Ein bók er heima og ein í leikskólanum.	Sérkennslustjóri og deildarstjórar.	Sept. 2024	Mái 2025	Styðjumst við hæfniramma til að sjá framfarir hjá börnunum. Getum einnig notað EFI-2, Orðaskil og lista úr bókinni Tíðni orða í tali barna.	Gott samstarf milli heimilis og skóla.



11 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla

Það voru ekki skipulögð starfsmannasamtöl þennan veturinn vegna langtímaveikinda leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra. Starfsmenn hafa góðan aðgang að stjórnendum og býðst að koma ef eitthvað liggur þeim á hjarta. Áætlað er að taka skipulögð samtöl í haust 2024. Símenntun starfsfólks er alltaf í boði og þarf starfsfólk að sækja sjálft um ef það vill nýta sér hin ýmsu námskeið eða fyrirlestra. Hinsvegar er það metið hverju sinni hvort hægt er að bregðast við þeim óskum. Þrír starfsmenn sóttu réttindanámskeið Jákvæðs aga nú á vormánuðum. Allir stjórnendur sóttu kynningu á BBB verkefninu um farsældarlögin og gengur innleiðingin vel. Nýr sérkennslustjóri sótti mörg námskeið sem nýtast sérkennslunni. Sérkennarar fóru á námskeið hjá Greiningarstöðinni um skipulagða kennslu og PECS, Tákn með tali, atferlisíhlutun ofl. Nýliðafræðslan sem er inn á Torginu nýttist ágætlega. Leikskólastjóri og settur aðstoðarleikskólastjóri fóru á námskeið hjá Saga story house sem býður m.a. upp á fyrirlestra og/eða námskeið er snúa að heilsu og vellíðan í vinnu og/eða einkalífi. Aðstoðarleikskólastjóri sat í vinnuhóp sem rýndi í Völuna. Við fengum til okkar fyrirlesara á starfsdegi sem fjölluðu um PECS og Tákn með tali. Á sameiginlegum starfsdegi Reynisholts og Geislabaugs, sem haldinn var í Geislabaugi þann 24. nóvember, komu til okkar fyrirlesarar frá verkfræðistofunni Örugger en það voru þær Gunnhildur Gísladóttir sem sérhæfir sig í vinnuvernd og Svava Jónsdóttir sem sérhæfir sig í heilsu og vinnuvernd. Fjölluðu fyrirlestrar þeirra um líkamsbeitingu í starfi og sálfélagslega þætti.

12 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva

Sæmundarskóli og Ingunnarskóli eru hverfissskólar Geislabaugs og hefur samstarf verið að þróast alveg frá opnun leikskólans haustið 2004. Elstu börnin fara einu sinni til tvisvar í mánuði í heimsóknir yfir veturinn og kynnast umhverfi og starfsfólki skólans sem þau verða nemendur í. Á Degi íslenskrar tungu koma nemendur úr Ingunnarskóla og lesa upp úr bókum fyrir börnin í Geislabaugi. Heimsóknir vetrarins og hvað var gert í hverri heimsókn má sjá í fylgiskjali 1 sem heitir Skólaheimsóknir skólaárið 2023-2024. Á haustmánuðum hittast svo fulltrúar beggja skólastiga og endurmeta og skipuleggja samstarfið. Einnig koma kennarar í fyrsta bekk grunnskóla til okkar á vorin og fara yfir öll börnin sem eru væntanleg til þeirra. Börnunum er raðað í bekki og svo er sérstakur fundur er varða öll þau börn sem hafa verið með stuðningstíma.



13 Foreldrasamvinna

Foreldraráð er starfandi við skólann. Kosið er í foreldraráð á aðalfundi foreldrafélagsins sem haldinn er í október ár hvert. Foreldraráð fer yfir ársáætlanir og gefur skólanum umsögn. Einnig hefur sumarlokunin verið kynnt þeim til samþykktar. Foreldrafundir eru að hausti og þá oftast í október en þá er jafnframt aðalfundur foreldrafélagsins. Einnig eru kallaðir til fundir ef einhverjar breytingar eiga sér stað. Boðið er upp á foreldrasamtöl tvisvar á ári, í október og apríl. Foreldrafélagið hefur séð um jólaföndur ár hvert og er það vel sótt. Foreldrafélagið hefur einnig boðið upp á leiksýningar. Á komandi hausti höfum við ákveðið að nota einn af starfsdögum okkar í foreldraviðtöl en það verður nánar auglýst síðar.

14 Skipulagsdagar og leikskóladagatal

Skipulagsdagar skólaárið 2024-2025 verða alls sex samtals. Þeir verða dagana: 27. september, 28. október, 22. nóvember, 6. febrúar, 17. mars og 25. apríl en þessa daga er leikskólinn lokaður.



15 Fylgiskjöl

Fylgiskjal 1

Starfsáætlun 2024 – 2025 Leikskólinn Geislabaugur

Skólaheimsóknir skólaárið 2023–2024



Sæmundarskóli

- 28. september: Hópur gengur um skóla með forskólakennara.
- 12. október: Umræður og nafnspjald.
- 13. október: Milli 10:00 - 11:00 1. Bekkur í Sæmundarskóla heimsækir gömlu leikskólana sína.
- 2. nóvember: Skólabarnið.
- 23. nóvember: Skólataskan.
- 6. desember: Helgileikur kl. 9:00 - 9:30. Öll börn fædd 2018 er boðið. Börnum boðið í íþróttahúsið að leika eftir helgileikinn.
- 11. janúar: Nesti box og brúsi.
- 8. febrúar: Íþróttahús.
- 29. febrúar: Listgreinar/spjaldtölvur og borða í hádeginu.
- 21. mars: Heimsókn í frístundaheimilið Fjósið.
- 11. apríl: Verkefnavinna/vorskólahefti og viðurkenning.
- 18. apríl: Heimsókn í frístundaheimilið Fjósið.

Ingunnarskóli

- 28. september: Kl. 09:10 heimsókn til umsjónarkennara.
- 19. október: Kl. 09:10 heimsókn í íþróttatíma.
- 17. nóvember: Kl. 08:30 samvera. Heimsókn frá Kammeróperunni á sal skólans.
- 15. desember: Kl. 09:00 samvera á sal skólans.
- 18. janúar (fimmtudagur): Kl. 09:10 heimsókn til umsjónarkennara.
- 22. febrúar: Kl. 09:10 heimsókn á bókasafn.
- 13. mars: Kl. 09:00 heimsókn í tónmenntastofu.
- 18. apríl: Kl. 09:10 heimsókn til umsjónarkennara.
- 16. maí: Byrjað í Stjörnulandi og farið svo yfir í Ingunnarskóla og borðað.



Fylgiskjal 2

Starfsáætlun 2024 – 2025
Leikskólinn Geislabaugur

Skóladagatal skólaárið 2024–2025



Leikskóladagatal 2024 - 2025

Nærn leikskóla:

Gaistabaugur

AGÚST	SEPTEMBER	OCTOBER	NOVEMBER	DESEMBER	JANÚAR	FEBRUAR	MARS	APRÍL	MÁÍ	JÚNÍ	JÚLÍ
1 F	1 S	1 Þ	1 F	1 S	1 M	1 L	1 L	1 Þ	1 F	1 S	1 Þ
2 F	2 M	2 M	2 L	2 M	2 S	2 S	2 S	2 M	2 F	2 M	2 M
3 L	3 Þ	3 F	3 S	3 Þ	3 M	3 M	3 M	3 F	3 L	3 Þ	3 F
4 S	4 M	4 F	4 M	4 M	4 Þ	4 Þ	4 Þ	4 F	4 S	4 M	4 F
5 M	5 F	5 L	5 Þ	5 F	5 M	5 M	5 M	5 L	5 M	5 F	5 L
6 Þ	6 F	6 S	6 M	6 F	6 M	6 F	6 F	6 Þ	6 Þ	6 S	6 S
7 M	7 L	7 M	7 F	7 L	7 Þ	7 F	7 F	7 M	7 M	7 L	7 M
8 F	8 S	8 Þ	8 F	8 S	8 M	8 L	8 L	8 Þ	8 F	8 S	8 Þ
9 F	9 M	9 M	9 L	9 M	9 F	9 S	9 S	9 M	9 F	9 S	9 M
10 L	10 Þ	10 F	10 S	10 Þ	10 Þ	10 M	10 M	10 F	10 L	10 Þ	10 F
11 S	11 M	11 F	11 M	11 M	11 Þ	11 Þ	11 Þ	11 F	11 S	11 M	11 F
12 M	12 F	12 L	12 Þ	12 F	12 M	12 M	12 M	12 L	12 M	12 L	12 L
13 Þ	13 F	13 S	13 M	13 F	13 F	13 F	13 F	13 L	13 Þ	13 F	13 S
14 M	14 L	14 M	14 F	14 L	14 M	14 F	14 M	14 M	14 L	14 L	14 M
15 F	15 S	15 Þ	15 F	15 S	15 L	15 L	15 L	15 Þ	15 F	15 S	15 Þ
16 F	16 M	16 M	16 L	16 M	16 F	16 S	16 S	16 M	16 F	16 M	16 M
17 L	17 Þ	17 F	17 S	17 Þ	17 M	17 M	17 M	17 L	17 L	17 Þ	17 F
18 S	18 M	18 F	18 M	18 M	18 Þ	18 Þ	18 Þ	18 F	18 S	18 M	18 F
19 M	19 F	19 L	19 Þ	19 F	19 M	19 M	19 M	19 L	19 Þ	19 M	19 L
20 Þ	20 F	20 S	20 M	20 F	20 F	20 F	20 F	20 Þ	20 L	20 S	20 S
21 M	21 L	21 M	21 F	21 L	21 F	21 F	21 F	21 M	21 M	21 M	21 M
22 F	22 S	22 Þ	22 F	22 S	22 M	22 L	22 L	22 Þ	22 F	22 S	22 Þ
23 F	23 M	23 M	23 L	23 M	23 F	23 S	23 S	23 M	23 F	23 M	23 M
24 L	24 Þ	24 F	24 S	24 Þ	24 M	24 M	24 M	24 L	24 L	24 Þ	24 F
25 S	25 M	25 F	25 M	25 L	25 L	25 Þ	25 Þ	25 M	25 S	25 M	25 F
26 M	26 F	26 F	26 Þ	26 M	26 F	26 M	26 M	26 L	26 F	26 F	26 L
27 Þ	27 M	27 L	27 M	27 F	27 M	27 F	27 F	27 S	27 Þ	27 F	27 S
28 M	28 F	28 L	28 F	28 M	28 Þ	28 F	28 F	28 M	28 L	28 M	28 M
29 F	29 S	29 Þ	29 F	29 S	29 M	29 L	29 L	29 Þ	29 F	29 Þ	29 Þ
30 F	30 M	30 M	30 L	30 M	30 F	30 S	30 S	30 M	30 F	30 M	30 M
31 L	31 F	31 F	31 F	31 F	31 F	31 M	31 M	31 L	31 L	31 Þ	31 L

Í gegnum um leikskólaþróunustu segr:
 Leikskólar eru lokaðir sex daga á ári vegna skipulagsdaga. Þrjú þeirra skulu vera á sama tíma og starfsdagar starfsfólks eða frídagar nemenda í grunnskólum en hinir þrjú geta verið ýmist hálfir dagar eða heilir. Leikskólagjöldi þækka ekki vegna þessa. Börn sem dvelja í leikskólum Reykjavíkurborgar taka að lágmærktu túrtúgu virka daga í sumari. Skráning barna í leikskólann er nauðsynleg í vettarfríum, dýmbilviku og milli jóla og nýárs annars metum við það sem svo að börnin séu í fríi þá daga. Gjaldteiling er þá daga.

Starfsáætlun 2024 – 2025
Leikskólinn Geislabaugur

Umsögn foreldraráðs

Foreldraráð leikskólans skipa:

Ingibjörg Jónsdóttir Kolka
Sigurbjörg Jónsdóttir
Guðrún Margrét Viðarsdóttir



Umsögn foreldraráðs um starfsáætlun Geislabaugs 2024-2025

Í umsögn foreldraráðs um starfsáætlun síðasta skólaárs horfðum við til símenntunar starfsfólks og fræðslu um stefnu skólans og einstök verkefni innan skólastarfið, þannig að hvert og eitt þekki skólastarfið og sinn þátt í því. Ánægjulegt er að sjá að samkvæmt könnuninni Stofnun ársins, er starfsandi Geislabaugs almennt góður og fólk upplifir jafnrétti og líður vel í vinnunni. Þessi atriði eru að okkar mati ákaflega mikilvæg fyrir gott skólastarf og skilar sér til barnanna. Í þessu samhengi hlýtur fyrirkomulag vinnustyttingarinnar, þar sem hvert og eitt fær heilan dag í vinnustyttingu aðra hverja viku, að vera starfsfólki í hag og þar með skólanum sömuleiðis. Við tökum undir að fólk eigi ekki að missa sína vinnustyttingu ef þeirra dag ber upp á frídag.

Eins og kemur fram í ytra mati er nauðsynlegt að upplýsingaflæði til starfsmanna sé gott og skýrt þannig að öll viti til hvers er ætlast af þeim og þau finni að þau tilheyri starfsmannahópnum. Gott er að allt starfsfólk skuli vera hvatt til að nýta sér námskeið á Torginu en við sjáum fyrir okkur að því mætti fylgja meira eftir með einhvers konar hvata. Starfsfólk þarf ekki síður á hrósi og hvatningu að halda en nemendur. Geislabaugur nýtir stefnuna jákvæðan aga og síðasta vetur hefur verið líf í þeirri stefnu og fólk meðal annars farið á námskeið og umræðan um stefnuna verið lifandi innan skólans. Þetta skín í gegn hjá deildarstjórum allra deilda.

Á einni deild skólans hefur deildarstjórinn unnið starfendarannsóknir síðasta skólaár, meðal annars um aðgengi barna að skapandi efniviði. Vonandi geta niðurstöður þeirrar rannsóknar nýst öllum deildum. Starfendarannsóknir geta verið hressandi fyrir starfsfólk og alla deildina ef vel tekst til.

Skólaheimsóknir eru sömuleiðis hressandi fyrir starfsfólk, ekki síst ef farið er til útlanda eins og síðasta skólaár. Sú ferð virðist ætla að bera þann ávöxt að auka útikennslu og nýta meira skóglendið stutt frá skólanum. Þetta eru spennandi og skemmtileg markmið sem gaman verður að fylgjast með á næsta skólaári. Nú þegar er farið í fleiri gönguferðir um nágrennið sem við höfum séð að mælist vel fyrir hjá börnunum.

Eins og áður er grunnþætti Aðalnámskrár um lýðræði fylgt með barnafundum þar sem börnin fá að segja sínar skoðanir og læra að hlusta á önnur börn tjá sig. Mikið er lagt upp úr sköpun eins og áður og sköpun fléttuð saman við ýmis viðfangsefni.

Innleiðing farsældarlaganna stendur yfir á Geislabaugi eins og öðrum skólum á Íslandi og mun vonandi styrkja alla stoðþjónustu. Nú þegar er öflug stoðþjónusta við skólann sem ætlunin er að styrkja með því að mynda sérkennsluteymi. Málörvun er ákaflega mikilvæg í öllum þáttum skólastarfsins og við allar athafnir. Skýrslur deildarstjóra bera vitni um að þau eru meðvituð um þetta



enda verja börnin góðum hluta af sínum vökutíma í umsjá leikskólastarfsmanna. Þeirra þáttur í máluppeldi og málörvun barnanna verður því seint ofmetinn. Gott aðgengi er að bókum, bækur lesnar fyrir börnin, þeim kennt að umgangast bækur af virðingu og viðhorf þeirra til bóka verði þannig jákvætt. Starfsmenn eru meðvitaðir um að gefa sér tíma til að tala við börnin og setja orð á athafnir og hluti. Deildarstjórar eru sömuleiðis meðvitaðir um að nota Tákn með tali inni á deildum og söngur er notaður markvisst til málörvunar. Einnig kemur fram í skýrslum deildarstjóra og sérkennslustjóra að hugað er fjöltyngdum börnum í málörvun, sérstaklega með Gefðu 10. Við hvetjum til þess að hvergi sé slakað á með málörvun fjöltyngdra barna vegna þess að sá grunnur sem þau fá á leikskólastigi skilar sér á grunnskólastigi.

Að lokum tökum við undir orð leikskólastjóra um fjölda barna á deild og álag á kennara. Öflugt skólastarf er ekki sjálfgefið og erfiðara að sinna öllum þáttum starfsins eftir því sem álag á hvern kennara er meira, ekki síst þegar pestir ganga yfir með tilheyrandi manneklu.

Hlutverk foreldraráðs

Samkvæmt 11.gr. laga um leikskóla frá 2008 er hlutverk foreldraráðs að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.

F. h. leikskólans Geislabaugs

Leikskólastjóri

Dagsetning



